



Húsnæðismál Stofnunar Árna Magnússonar

SKILAGREIN

Nóvember 2017

Efnisyfirlit

Almennt um skilagreinar.....	3
1 Upphaf verkefnis.....	4
2 Húsrymisáætlun	4
3 Tilboð í leiguhúsnæði	4
4 Leigusamningur.....	4
5 Tengiliðir og samskipti.....	5
6 Hönnuðir og eftirlit	5
7 Byggingarframkvæmdir	5
8 Verklok	5
9 Staðfesting skilagreinar.....	5



Mynd 1. Stofnun Árna Magnússonar hefur til umræða 4. og 5. hæð á Laugavegi 13.

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ og „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis** (leiguverkefni). Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði.



Mynd 2. Móttökurými á 4. hæð.

Verkefnið

1. Upphaf verkefnis

Í október 2014 fór mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR) þess á leit við Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) að leita að tímabundnu húsnæði fyrir hluta af starfsmönnum Stofnunar Árna Magnússonar.

Verkefnastjóri FSR var Róbert Jónsson.

Verkkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Tengiliður verkkaupa var Þráinn Sigurðsson hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta vegna verkefnisins var hjá verkkaupa.

2. Húsrýmisáætlun

Unnin var húsrýmisáætlun fyrir stofnunina og var henni lokið í nóvember 2014.

Niðurstöður húsrýmisáætlunarinnar voru þær að húsrýmisþörf reyndist vera um 620 fermetrar. Óskað var eftir húsnæði í Reykjavík.

3. Tilboð í leiguhúsnæði

FSR vann húslýsingu og auglýsti eftir húsnæði í nóvember 2014 að fenginni heimild viðkomandi fagráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Alls bárust fjögur tilboð. Tilboðið voru yfirfarin og metin af starfsmönnum FSR, MMR og Stofnunar Árna Magnússonar.

Hagstæðasta tilboðið reyndist vera frá HGK ehf. í Reykjavík. Um var að ræða 648,7 fermetra húsnæði við Laugaveg 13 í Reykjavík. Var tilboðinu tekið.



Mynd 3. Stigangur upp á 5. hæð.

4. Leigusamningur

FSR annaðist gerð leigusamningsins að fenginni heimild fagráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Samningsaðilar eru HGK ehf. og Háskóli Íslands. Samningurinn var undirritaður í júní 2015.



Mynd 4. Skrifstofugangur á 4. hæð.

Samningurinn er til fjögurra ára og lýkur leigutíma í júlí 2019.

Húsnæðið er 648,7 fermetrar að stærð og var miðað við að afhending húsnæðisins yrði í júní 2015.

5. Tengiliðir og samskipti

Samkvæmt ákvæðum leigusamningsins voru nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu framkvæmdar af leigusala.

Framkvæmdir við húsnæðið gengu vel. Eftirlit með framkvæmdum var á höndum Róberts Jónssonar, verkefnastjóra hjá FSR, en einnig kom Ingólfur B. Aðalbjörnsson, byggingarstjóri hjá Háskóla Íslands, að eftirlitinu.

6. Hönnuðir og eftirlit

Hönnun breytinga á húsnæðinu var á höndum leigusala. ASK Arkitektar ehf. teiknuðu breytingarnar og stýrði Páll Gunnlaugsson arkitekt því verki. Haldnir voru þrjú verkstöðufundir.

Eftirlit með framkvæmdum var, eins og áður hefur komið fram, á höndum Róberts Jónssonar, verkefnastjóra hjá FSR, en einnig kom Ingólfur B. Aðalbjörnsson, byggingarstjóri hjá Háskóla Íslands, að eftirlitinu.

7. Byggingarframkvæmdir

Fjölga þurfti skrifstofum í húsnæðinu þannig að rífa þurfti niður nokkra veggi og setja upp nýja. Einnig var nokkur vinna við að breyta rafmagns- og tölvulögnum og mála húsnæðið. Þá þurfti að styrkja gólf á 5. hæð vegna þyngdar á hjólaskápum.

Framkvæmdir við húsnæðið hófust í júní 2015 og þeim lauk í ágúst 2015.


8. Verklök

Húsnæðið var afhent fullbúið í ágúst 2015.

9. Staðfesting skilagreinar

Undirrituð staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri



www.fsr.is

